

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 14. maí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-35/2010.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún segir hafa verið á bifreiðinni A, sem hún hafi keypt nýja hjá Y, 15. mars 2005. Álitsbeiðandi krefst þess að Y greiði kostnað við viðgerð á gallanum, kr. 167.015.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 17. mars sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 29. mars. Fresturinn var síðar framlengdur til 12. apríl að ósk seljanda. Hins vegar bárust engin andsvör. Með bréfi, dags. 26. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi segist hafa keypt bifreiðina A árgerð 2005, 15. mars 2005. Segir síðan í álitsbeiðninni:

„Í lok árs 2009 fóru að koma fram óhljóð frá bifreiðinni og leiddi skoðun í ljós að hljóðið kom frá svokölluðu svinghjólí (Flywheel) bifreiðarinnar. Leitað var til Y í janúar sl. (ca. 20/01 2010) og tilkynnt um gallann sbr. 1. mgr. 27. gr. nkpl. Farið var fram á að bætt yrði úr gallanum en því hafnað ca 25/01 2010 af Y með vísan til þess að ábyrgð seljanda vegna galla væri ekki lengur fyrir hendi.

Svo fór að bifreiðin var sett í viðgerð hjá Z og skipt um hlutinn með tilheyrandi kostnaði að fjárhæð 167.015 kr. Þann 10. mars 2010 var í annað sinn farið fram á að Y tæki ábyrgð á gallanum en því alfarið hafnað. [...]

Svinghjól bifreiðar er hlutur þess eðlis að honum er ætlaður verulega langur endingartími, jafnvel út líftíma bifreiðarinnar. Að mati álitsbeiðanda hefði hann mátt vænta þess að galli af þessu tagi kæmi ekki fram fyrstu fimm árin af notkunartíma bifreiðarinnar, þ.e. að svinghjólíð hafi að þessu leyti átt að endast lengur en í fimm ár.“

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur frá Z, dags. 16. febrúar sl., fyrir skiptum á svinghjólínu að fjárhæð kr. 167.015. Þar kemur m.a. fram að bifreiðinni hafi verið ekið 155.349 km.

Formaður kæruneftndarinnar hafði samband við verkstæðismann hjá Z og sagði hann að bifreið álitsbeiðanda væri 6 gíra með „dual mass“ svinghjólí. Skipt hefði verið um svinghjólíð og „dual mass“ búnaðinn eins og yfirleitt væri gert samhliða.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Í 1. og 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003 segir eftirfarandi:

☐Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

☐Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Eins og fram kemur í framangreindum lagagreinum ber neytanda án ástæðulauss dráttar að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig galla og verður að gera það í síðasta lagi innan tveggja ára frá því að hann veitti söluhlut viðtöku. Tilkynni neytandi seljanda ekki um gallann innan þessara tímamarka á neytandi ekki kröfu á seljanda gallans vegna sama hver hann kann að vera. Sé hins vegar svo að söluhlutum eða einstökum hlutum hans sé ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti lengist kvörtunarfrestur neytandans í fimm ár.

Álitsbeiðandi keypti bifreið sína 15. mars 2010. Hún kveðst hafa kvartað undan galla í janúar 2010, en þá voru tæp fimm á liðin frá því að seljandi afhenti bifreiðina. Gert var við bifreiðina um miðjan febrúar 2010 en þá hafði henni verið ekið 155.349 km.

Fyrr er lýst þeim íhlut sem bilaði í bifreið álitsbeiðanda, þ.e. svokölluðu „dual mass svinghjól“. „Dual mass“ búnaðinum er ætlað að draga úr titringi í bifreiðinni þegar ekið er af stað svo og hljóðum og titringi sem frá vélinni stafar einkum í díselbifreiðum eins og bifreið álitsbeiðanda er. Á þennan búnað reynir töluvert mikið við akstur, s.s. eins og þegar bifreið er ekið af stað og við gírskiptingu og skiptir máli hvernig að akstrinum er staðið að þessu leyti. Að áliti kærunefndarinnar er búnaðurinn þess eðlis að ekki er hægt að ætla honum verulega lengri líftíma en almennt gerist um íhluti söluhluta, sbr. ákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, en bifreið álitsbeiðanda var nærri 5 ára og hafði verið ekið rúmlega 155.000 km þegar bilunin kom fram. Að áliti kærunefndarinnar verður þessi bilun í bifreiðinni ekki rakin til framleiðslugalla sem lagt verði á seljanda að bæta úr heldur sé um slit að ræða sem búast má við að verði í bifreið á sama aldri og bifreið álitsbeiðanda var og jafnmikið ekinni. Kvörtunarfrestur samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 sem hér á við, þ.e. 2 ára kvörtunarfrestur, var liðinn þegar

álitsbeiðandi beindi kvörtun til seljanda. Það er því álit kæruneftndarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

V

**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir